

# Togarabæir og togarakarlur

## 1919 - 1939

Togaraútgerðin flýtti þróun íslensks samfélagsins til nútíma með þéttbýlismyndun, stéttaskiptingu og bæjarmenningu. Reykjavík varð helsti togarabær landsins og þar var gróskan mest. Aukinn afli og tekjur fylgdu togaraútgerðinni og skipstjórar og útgerðarmenn reistu sér villur í gamla Vesturbænum og Þingholtunum.

Togarahásetar stofnuðu Hásetafélag Reykjavíkur árið 1915. Félagið varð brjóstvörn verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Matur og aðstaða um borð í togurum var öll miklu betri en á skútunum. Kjöt var á borðum upp á hvern dag og nóg af brauði og tei. Íslendingar tóku upp breska togarasiði og höfðu jafnvel jólaköku með kaffinu daglega. En vinnan var erfið og vökur miklar. Fyrstu vinnuverndarlög á Íslandi voru sett árið 1921, Vökulögin um 6 stunda lágmarkshvöld togaraháseta á sólarhring.

Eftir 1920 komu nýrri og stærri togarar búnir öflugri vélum og spilum. Togarnir sóttu nú á dýpri mið eins og Halann út af Vestfjörðum. Það var mikið áfall þegar tveir togarar fórust með allri áhöfn, 67 mönnum, í Halaveðrinu 7. febrúar 1925.

Á árunum 1925-1930 voru gerðir út 45-47 togarar á Íslandi. Hafnarfjörður, Patreksfjörður og Ísafjörður festu sig í sessi sem togarabæir ásamt Reykjavík. Stórhuga útgerð Ó. Jóhannesson og Co. á Patreksfirði vakti athygli á kreppuárunum, þegar flestar togaraútgerðir börðust í bökkum.

